

greiða málskostnað, kr. 40.000, sem í þessu tilviki á að renna til ríkissjóðs.

Dómari var Stefán M. Stefánsson borgardómari og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi skipstjóri, og Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Sverrir Sædal Kristjánsson, greiði stefnendum, Sæbjörgu Guðbjartsdóttur fyrir sína hönd og barna sinna, Helga Sævars og Péturs Fannars, kr. 400.000 með 7% ársvöxtum frá 7. mars 1969 til 16. maí 1973, en með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður, kr. 40.000, til handa skipuðum talsmanni stefnenda, Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni, greiðist úr ríkissjóði.

Stefnda, Sverri Sædal Kristjánssyni, ber að greiða málskostnað, kr. 40.000, er renni í ríkissjóð.

Framangreindar fjárhæðir ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. mars 1978.

Nr. 167/1976. **Breiðholt h/f**

(Guðm. Pétursson hrl.)

gegn

Hrefnu B. Loftsdóttur vegna sín og ófjárráða dætra sinna, Elínar Þórunnar Eiríksdóttur og Elfu Bjarkar Eiríksdóttur,
og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Dánarbætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. september 1976. Krefst hann lækkunar á dæmdum bótafjárhæðum samkvæmt héraðsdómi og að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 27. september 1976. Krefjast gagnáfrýjendur þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim samtals 9.095.038 krónur með 12% ársvöxtum frá 9. nóvember 1973 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa hækkað kröfur sínar frá því, sem í héraðsdómi greinir, án þess að skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 sé fullnægt.

Fyrir Hæstarétti ber aðaláfrýjandi ekki brögður á, að hann beri sem vinnuveitandi fébótaábyrgð á athöfnum Eiríks Møl-skov Jensen við uppsetningu byggingarkrana þess, sem í málinu greinir, og að hann sé skaðabótaskyldur vegna slyss þess, er leiddi til dauða Eiríks Steinþórssonar. Hann reisir kröfur sínar um lækkun bóta frá því, sem héraðsdómur dæmdi, á því, að Eiríkur hafi sjálfur að nokkru átt sök á slysinu, svo og á því, að tjón gagnáfrýjenda sé of hátt metið í héraðsdómi. Eigin sök Eiríks telur aðaláfrýjandi í því fölgna, að hann hafi ekki borið hjálm á höfði í öryggisskyni við starf sitt. Afleiðingar af falli hans hefðu orðið aðrar, ef hann hefði gert það.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, lést Eiríkur Steinþórsson vegna áverka á höfði. Að öðru leyti er ekki leitt í ljós, hvar áverkinn var eða hvernig honum var háttað. Verður því ekki fullyrt, að það hefði nokkru breytt um afleiðingar af falli Eiríks, þótt hann hefði borið öryggishjál. Samkvæmt framangreindu ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um óskipta fébótaábyrgð áfrýjanda á slysinu.

Guðjón Hansen tryggingastærðfræðingur hefur reiknað tjón gagnáfrýjenda vegna fráfalls Eiríks heitins, 8. ágúst 1974 og 31. maí 1976, svo sem í héraðsdómi greinir. Hann hefur á ný reiknað tjónið 18. febrúar 1978. Miðar hann þar við 9% ársvexti frá slysdegi til 15. júlí 1974 og síðan 13% ársvexti

til frambúðar. Enn fremur tekur hann tillit til hækkunar launa frá því að fyrri útreikningar voru gerðir svo og til hækkunar bóta frá Tryggingastofnun ríkisins og frá Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða. Telst honum svo til, að verðmæti framfærslueyris til aðaláfrýjandans Hrefnu nemi á slysdegi 9.092.617 krónum. Verðmæti 8 ára slysabóta til hennar frá Tryggingastofnun ríkisins nemi 2.000.724 krónum og verðmæti mæðralauna 929.007 krónum. Þá nemi verðmæti hálfra vinnutekna Hrefnu á slysdegi 3.171.994 krónum og verðmæti makalífeyris hennar frá Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða 2.085.973 krónum. Miðað við sömu forsendur telur tryggingastærðfræðingurinn, að verðmæti barnalífeyris Elínar Þórunnar á slysdegi nemi 1.032.013 krónum og verðmæti lífeyris hennar frá Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða 602.799 krónum. Verðmæti barnalífeyris Elfu Bjarkar nemi, reiknað á sama hátt, 1.300.139 krónum og lífeyris hennar frá lífeyrissjóðnum 687.912 krónum.

Kröfur sínar hér fyrir dómi hafa gagnáfrýjendur sundurliðað þannig:

A. Bætur til Hrefnu B. Loftsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	9.092.617 krónur
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	500.000 —
	9.592.617 krónur

Frá þessari fjárhæð beri að draga:

Greiðslu frá slysatryggingu	500.000 krónur
Verðmæti 8 ára slysabóta	2.000.724 —
Verðmæti mæðralauna	929.007 —
	6.162.886 krónur

B. Bætur til Elínar Þórunnar Eiríksdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	1.032.013 krónur
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	300.000 —
	1.332.013 krónur

C. Bætur til Elfu Bjarkar Eiríksdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	1.300.139 krónur
--	------------------

2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum 300.000 krónur

1.600.139 krónur

Samtals nema þessir kröfuliðir 9.095.038 krónum.

Aðaláfrýjandi hefur mótnælt kröfum þessum sem allt of háum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og með hliðsjón af gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, þykja bætur til Hrefnu B. Loftsdóttur sjálfrar vegna missis framfæranda hæfilega ákveðnar 3.000.000 krónur og bætur fyrir röskun á stöðu og högum 500.000 krónur. Frá þessum fjárhæðum verða dregnar atvinnuslysatryggingabætur, er hún hefur fengið greiddar, 500.000 krónur, í samræmi við dómkröfur hennar. Ber aðaláfrýjanda samkvæmt því að greiða henni alls 3.000.000 krónur.

Bætur til Elínar Þórunnar þykja hæfilega ákveðnar 600.000 krónur og bætur til Elfu Bjarkar 800.000 krónur.

Aðaláfrýjanda ber að greiða vexti af dæmdum fjárhæðum, sem ákveðast 9% ársvextir frá 9. nóvember 1973 til 15. júlí 1974 og 12% ársvextir frá þeim tíma til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 900.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Breiðholt h/f, greiði gagnáfrýjanda Hrefnu B. Loftsdóttur vegna hennar sjálfrar 3.000.000 krónur, vegna Elínar Þórunnar Eiríksdóttur 600.000 krónur og vegna Elfu Bjarkar Eiríksdóttur 800.000 krónur auk 9% ársvaxta frá 9. nóvember 1973 til 15. júlí 1974 og 12% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og 900.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt skýrslu Páls Friðrikssonar byggingameistara, sem ekki hefur verið hnekkt, var það almennt starf Eiríks Steinþórssonar að hafa eftirlit með vélum og tækjum aðaláfrýjanda, meðal annars hafa eftirlit með og sjá um viðgerðir á byggingahegnum fyrirtækisins. Samsetning byggingahegra þess, sem hér er um fjallað, fór fram undir stjórn Eiríks Mölskov Jensen, en Eiríkur Steinþórsson var aðstoðarmaður hans og skyldi nema af honum vinnubrögð. Þeir unnu saman að því að setja undirstöður undir hegra þann, er með þá féll. Hvorki Erik Mölskov Jensen né Eiríkur Steinþórsson voru með öryggishjálma við vinnu sína, en ómótmælt er, að öryggishjálmar hafi verið þarna á staðnum. Telja verður verulegar líkur á því, að dregið hefði úr afleiðingum falls Eiríks Steinþórssonar, ef hann hefði haft öryggishjálma á höfði.

Þegar litið er til verkmenntunar Eiríks Steinþórssonar og stöðu hans, verður að telja, að honum hafi borið að sjá til þess, að fyllsta öryggis væri gætt og nota nauðsynlegan öryggisbúnað. Þar sem hann gætti þessa eigi sem skyldi, á hann sjálfur nokkra sök á, hvernig fór. Er hæfilegt að telja hann eiga 1/4 hluta sakar. Samkvæmt því ber aðaláfrýjanda að bæta tjón gagnáfrýjenda að 3/4 hlutum.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda um mat á tjóni gagnáfrýjenda. Ber aðaláfrýjanda því að greiða Hrefnu B. Loftsdóttur 3/4 hluta af 3.500.000 krónum að frádregnum 500.000 krónum, eða alls 2.125.000 krónur, Elínu Þórunni Eiríksdóttur 3/4 hluta af 600.000 krónum, eða 450.000 krónur, og Elfu Björk Eiríksdóttur 3/4 hluta af 800.000 krónum, eða 600.000 krónur.

Fé þetta ber aðaláfrýjanda að greiða með vöxtum, eins og ákveðið er í atkvæði meiri hluta dómenda.

Þá ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 700.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Breiðholt h/f, greiði gagnáfrýjanda Hrefnu B. Loftsdóttur sjálfri 2.125.000 krónur, vegna Elínar Þórunnar Eiríksdóttur 450.000 krónur og vegna Elfu Bjarkar Eiríksdóttur 600.000 krónur auk 9% árs-vaxta frá 9. nóvember 1973 til 15. júlí 1974 og 12% árs-vaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og 700.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júní 1976.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. apríl 1975.

Stefnandi málsins er Hrefna B. Loftsdóttir, Hjaltabakka 22, Reykjavík, persónulega og f. h. tveggja ólögráða dætra sinna, Elínar Þórunnar Eiríksdóttur og Elfu Bjarkar Eiríksdóttur.

Stefndi er Breiðholt h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða henni skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 7.272.646 eða aðra lægri fjárhæð með 12% ársvöxtum frá 9. nóvember 1973 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að stefndi verði dæmdur til greiðslu annarrar lægri fjárhæðar ásamt vöxtum og málskostnaði.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins, en til vara, að stefnufjárhæðin verði færð niður til verulegra muna og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Stefnandi hefur stefnt Almennum Tryggingum h/f til að gæta réttar síns í málinu, en stefnandi hefur engar dómkröfur gert á hendur réttargæslustefnda, og réttargæslustefndi, sem hefur látið mæta í málinu, hefur heldur engar kröfur gert.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að hinn 9. nóvember 1973 um kl. 1715 var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík, að vinnuslys hefði

orðið við nýbyggingu Breiðholts h/f að Kríuhólum 4 í Breiðholti í Reykjavík. Hinn slasaði var eiginmaður stefnanda, Eiríkur Steinþórsson, fæddur 12. júlí 1947, og lést hann daginn eftir af afleiðingum slyssins.

Rannsóknarlögreglunni og Öryggiseftirliti ríkisins var einnig tilkynnt um slys þetta samdægurs. Hóf rannsóknarlögreglan rannsókn samdægurs.

Í skýrslu rannsóknarlögreglumannsins, sem fór á vettvang, segir m. a.:

„Hinn slasaði heitir Eiríkur Steinþórsson, tækjastjóri hjá Breiðholti h.f. Við rannsókn kom í ljós, að hann hafði verið að vinna við bómu, sem á að fara á stóran vinnukrana, sem verið er að setja upp vegna byggingarframkvæmdanna. Bóman lá á jörðinni. Er hún 31 metra á lengd og þríhyrnd í þvermál og um 170 cm á breidd. Verið var að festa víra í bómuna, og var ætlunin að fara að hífa hana upp með stórum bílkrana. Hinn slasaði var að vinna við að hagræða vírum og sjá um, að þeir færu vel, þegar farið yrði að hífa bómuna, og stóð hann uppi á bómunni ásamt dönskum manni, Erik Jensen að nafni, en hann stjórnar uppsetningu vinnukranans. — Einhverra hluta vegna hafði bóman skyndilega fallið á hliðina og mennirnir tveir dottið á jörðina. Að sögn sjónarvotta hafði Eiríkur tekist á loft og komið illa niður á höfuðið og ekki getað borið af sér fallið. Hafði hann komið niður í grjóturð ca 2 metra norðan við bómuna og þegar misst meðvitund. Hinn maðurinn hafði komið betur niður, sloppið við meiðsli og staðið strax upp. — Vitni að atburðinum voru Tryggvi Þórhalls-son, Sigurður Þorvaldsson, Reynir Alfreðsson og Hilmar Már Olgeirsson auk hins danska stjórnanda, sem áður er getið. — Mönn-um þessum bar öllum saman um, að slysið hefði orðið eins og að framan greinir. — Stjórnandi bílkranans sagðist hafa ætlað að fara að hífa og verið á leiðinni upp í kranann, þegar slysið varð. — Ekki liggur ljóst fyrir, hvað olli því, að bóman datt út af undirstöðunum, en rétt er að geta þess, að byrjað var að frjósa, og gæti því hafa myndast hrím á spýtum, sem notaðar voru sem undirstöður, og þær þannig orðið hálli en ella. Eins má ætla, að titringur hafi myndast við, að tveir menn voru að starfi á bóm-unni og þannig verið samverkandi ástæða fyrir þessu. Þetta verður þó að teljast ágiskun, en ljóst er, að ekki hefur verið gengið nægilega vel frá þeim undirstöðum, sem bómunni var ætlað að hvíla á.“

Vitnið Erik Mölskov Jensen kranauppsetningarmaður gaf

skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 10. nóvember 1973. Þar segir m. a.:

„Mætti er hér á vegum fyrirtækisins Breiðholts h.f. og stjórnar uppsetningu á byggingarkrana, sem verið er að setja upp við nýbyggingu að Kríuhólum 4 hér í borg. — Með mætta er Tómas Tómasson verkfræðingur. Hann túlkar það, sem Erik hefur um aðdraganda slyssins að segja. — Mætti segir, að hann og Eiríkur Steinþórsson hafi verið saman við það verkefni að undirbúa hífingu á láréttri bómu á turnkrana, sem verið er að reisa á fyrrgreindum stað. Hann segir, að búíð hafi verið að færa bómuna lengra frá krananum, þar eð nauðsynlegt hafi verið að framkvæma hífinguna með hífingarvír á „jib“. Hann segir, að þá hafi verið aftur settar undirstöður undir bómuna á sama hátt og hún hafi verið skorðuð áður. Hann kveðst þá hafa verið búinn að húkka stóra krókinn úr stroffunni og setja litla krókinn í staðinn og hafi hann og Eiríkur staðið uppi á bómunni, tilbúnir að gæta þess, að átakið kæmi jafnt á alla bómuna, þegar kranastjórninn færi að hífa, en hann var þá að ganga frá stóra króknum. Á meðan þeir svo biðu eftir þessu, þá lagðist bóman skyndilega á hliðina, og skeði það svo snögg, að enginn tími var til neinna aðgerða. Hann kveðst ekki gera sér fyllilega grein fyrir því, hvernig hann kom niður, en kveðst ekki hafa orðið fyrir neinum verulegum meiðslum. Hann kveðst finna lítilsháttar til í hægri öxl. Hann kveðst strax hafa farið að huga að félaga sínum og séð, að hann var alvarlega slasaður, og hafi strax verið gerðar ráðstafanir til að fá sjúkrabíl á staðinn. Mætti kveðst ekki gera sér fyllilega grein fyrir því, hvers vegna bóman valt, en nefnir sem hugsanlegan möguleika, að bóman hafi runnið út af undirstöðuplanka öðrum megin, og gæti ísing hugsanlega verið meðvirkandi orsök. Hann segir ekki ólíklegt, að myndast hafi titringur við það, að þeir voru tveir að vinna uppi á bómunni. Mætti kveðst hafa unnið við kranauppsetningar s.l. 6 ár og sett upp og tekið niður ca 300 krana.“

Vitnið Hilmar Már Olgeirsson, kranamaður hjá Breiðholti h/f, gaf hinn 10. nóvember 1973 svofellda skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni:

„Ég var staddur uppi á þaki á 8. hæð hússins Kríuhólar 2, þegar slysið varð. Sjálfur hef ég unnið við uppsetningu á þessum krana, sem verið var að setja upp, allt frá því að byrjað var á því verki s.l. mánudag. Ég hafði áhuga fyrir því að sjá, hvernig tækist til hjá þeim, sem voru að vinna við kranann, þegar þeir

færu að hífa bómuna upp, og sá ég þess vegna alveg, hvernig þetta skeði. Ég sá, að Erik og Eiríkur stóðu uppi á bómugrindinni, sín hvorum megin við öryggisgrindina. Sá ég þá, að bóman féll skyndilega á hliðina. Ég sá, að Erik kastaðist í jörðina og kútveltist, en Eiríkur kom fljúgandi og lenti beint á höfuðið í grjóturð. Erik stóð strax upp og hljóp til Eiríks, og eftir að hann hafði litið á hann, kallaði hann á hjálp, en Eiríkur lá alveg hreyfingarlaus. Ekki get ég annað sagt en að Erik hafi verið mjög aðgætinn í starfi sínu við stjórn þessa verks, og verður ekki annað sagt um hann en að hann hafi kunnað vel sitt fag. Ekki vil ég leggja neinn dóm á það, hvers vegna þetta kom fyrir, en **eftir má auðvitað sjá, að þurft hefði að ganga betur frá undirstöðum bómunnar.**“

Vitnið Sigurður Þorvaldsson, kranamaður hjá Breiðholti h/f, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 12. nóvember 1973. Þar segir m. a.:

„Þegar slysið varð, þá var ég staddur við bómuna þeim megin, sem bílkraninn var. Ég varð áhorfandi að því, þegar bóman skyndilega valt á hliðina. Daninn virtist ekkert meiða sig og stóð strax upp, en Eiríkur lá alveg hreyfingarlaus. Erik fór strax til Eiríks, og hann kallaði svo til mín að hringja strax á sjúkrahúsi, og gerði ég það. Áður en þetta skeði, vorum við búnir að vinna við það að færa bómuna til, þannig að hægt væri að hífa hana upp. Bóman var stillt þannig af niðri á jörðinni, að hún væri í sömu stöðu, þegar hún væri hífð og tengd við byggingarkranann. Þar af leiðandi voru settar undir hana undirstöður. Annar endi bómunnar var ferkantaður, en að öðru leyti var hún þríhyrnd. Undir ferkantaða endann voru settir plankar, en vírkefli nálægt miðju. Ekki treysti ég mér til að gefa neina skýringu á því, hvað hér hefur verið að. Plankarnir undir enda bómunnar áttu að varna því, að hún ylti. Þessar undirstöður voru settar alveg á sama hátt og verið hafði daginn áður, og var ekki annað hægt að sjá en þetta væri í lagi, enda var bóman búin að standa þarna í um 10 mín. áður en hún valt. Greinilegt var, að Erik Jensen kunni vel sitt fag við uppsetningu á byggingarkrönunum, en ég tel mig ekki dómbæran um það, hvort gætt hafi verið fyllstu varúðar við verkið. Ekki var ég með hjálm á höfðinu, þegar ég var að vinna við þetta verk. Ég tók ekki eftir því, hvort aðrir voru með hjálma, örugglega voru það ekki allir. Þeir Eiríkur og Erik voru hvorugur með hjálma á höfðinu. Ég vil samt taka fram það, að nóg var til af hjálum á vinnustaðnum.“

Vitnið Tryggvi Þórhallsson rafvirkjameistari gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 10. nóvember 1973. Í skýrslunni segir m. a.:

„Ég var staddur skammt frá bómunni, þegar slysið varð. Ég var að greiða kaðal, sem ég ætlaði að nota við að koma rafmagns-kapli upp í mastrið, þegar búíð væri að hífa bómuna. Ekki sá ég greinilega, þegar mennirnir duttu, en þegar ég leit við, þá voru þeir að falla í jörðina. Ég geri mér ekki alveg ljóst, hvernig stóð á því, að bóman féll niður, og hélt ég satt að segja, að hún stæði á nokkuð öruggum undirstöðum. Rétt er að geta þess, að daginn áður hafði kraninn rekist utan í hana í sömu stöðu, og það svo fast, að bönd í bómunni bognuðu, en bóman sjálf stóð þetta af sér. Ég er búinn að vinna með þessum danska manni, og sá ég ekki betur en að hann kynni vel til þessara verka og gætti þess, að vinna verkið á ákveðinn máta, sem hann hafði tileinkað sér.“

Hér fyrir dómi hinn 3. febrúar 1976 hefur vitnið lýst ofangreinda skýrslu rétta. Jafnframt var fært til bókar: „Vitnið segir, að daginn áður hafi þverbóma turnkranans legið á öðrum stað en hún var á, þegar slysið varð. Nokkru áður en slysið varð, var þverbóman færð til, til þess að bílkraninn gæti lyft henni, án þess að hún sveiflaðist til. Vitnið minnir, að þverbóman hafi verið hreyfð til stuttu áður en slysið varð, en vitnið getur ekki sagt nákvæmar um það, hvenær það var. Vitnið var viðstatt, þegar þverbóman var færð til ásamt ýmsum starfsmönnum, ekki færri en fimm manns. Vitnið man, að Erik Mölskov Jensen var á staðnum og stjórnaði verkinu, þegar þverbóman var færð til. Vitnið minnir, að Sigurður Þorvaldsson hafi verið þarna á staðnum, en getur ekki nafngreint fleiri menn. Vitnið hélt í tóg, þegar þverbóman var færð til, og aðstoðaði þannig við það að hreyfa þverbómuna til. Kallaður var til mannskapur, sem hægt var að ná í, til þess að aðstoða við tilfærsluna. Erik Mölskov Jensen gekk frá undirstöðum undir þverbómuna við þann enda, sem festist við turninn. Vitnið veit ekki, hvort hann raðaði sjálfur battingum undir endann eða lét aðra gera það, en Erik Mölskov hafi verið við þann enda og stjórnað verkinu. Eiríkur heitinn var við hinn enda þverbómunnar og fleiri menn með honum. Gengu þeir frá undirstöðu undir þverbómuna þeim megin. Vitnið getur ekki nafngreint, hverjir voru með Eiríki heitnum. Vitnið kveðst ekki nú muna, hvernig Eiríkur heitinn og félagar hans gengu frá undirstöðu þeim megin við bómuna, sem þeir voru. Vitnið kynnir sér hinar framlögðu ljósmyndir á dskj. nr. 15, og rifjast ekki

upp fyrir vitninu, hvernig frá undirstöðum var gengið. Vitnið minnir nú, að aðeins ein undirstaða, stálvírskefli með stálvír á, hafi verið á þessum hluta þverbómunnar, þ. e. ytri hluta bómunnar. Vitnið man, að vírkeflið var þungt og nokkuð erfitt að koma því fyrir, svo og að rætt var um, að vírkeflið ætti að duga sem undirstaða, þar sem það var þéttvafið stálvír. Þegar búið var að slaka þverbómunni niður, þá hvíldi bóman, að því er vitnið minnir, á tveimur undirstöðum, á þverbíta að aftan og á áðurgreindu vírkefli framan til. Vitnið man ekki eftir, að aðrar undirstöður eða skorður hafi verið undir þverbómunni, þegar búið var að slaka henni niður. Stálvírskeflið stóð þannig, að keflisásinn var um það bil lóðréttur. Þegar búið var að slaka þverbómunni niður, taldi vitnið, að sú hættu, sem yfir vofði, á meðan á tilfærslunni stóð, væri hjá liðin. Sneri vitnið sér þá að því að vinna verk sitt, sem var í því fólgið að greiða úr kaðli, sem vitnið ætlaði að nota til þess að draga rafmagnskapal upp turninn. Vitnið tekur fram, að því hafi þótt skrítið, að slakað var á vír bálkranans, þar sem vitnið taldi það óvarlegt og óþarft. Hvers vegna slakað var á, veit vitnið ekki. Þegar búið var að slaka þverbómunni niður, fóru aðstoðarmenn, sem höfðu verið kallaðir til, á brott. Eftir urðu við bómuna Eiríkur heitinn, Erik Mölskov og stjórnandi bálkranans, en vitnið man ekki eftir fleirum, en telur þó, að fleiri kunni að hafa verið eftir við kranann. Vitnið man nú eftir, að Sigurður Þorvaldsson var þarna nálægt. Það var enginn vafi á því, segir vitnið, að Erik Mölskov var verkstjóri á staðnum, enda sá hann um uppsetningu turnkranans. Virtist vitninu hann hafa mjög ákveðnar skoðanir á því, hvernig verkið skyldi unnið. Eiríkur heitinn var vélvirki að mennt, að því er vitnið minnir, og hafði hann þann starfa að sjá um viðgerð á tækjum, sem Breiðholt h/f átti. Vitninu virtist, að Eiríkur heitinn og Erik Mölskov ættu auðvelt með að skilja hvor annan. Vitnið ræddi hins vegar aðallega á enska tungu við Erik Mölskov. Vitnið kveðst ekki hafa fylgst með, hve mikið var slakað á vír bálkranans, eftir að þverbóman var látin síga niður á undirstöðurnar. — Vitnið taldi, að Erik Mölskov væri starfsmaður hins danska firma Kröll, en vitnið taldi, að kranakaupunum frá hendi danska fyrirtækisins hafi fylgt tæknimaður til að stjórna uppsetningu kranans.“

Vitnið Björn Reynir Alfreðsson vinnuvélstjóri, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 12. nóvember 1973. Þar segir m. a.:

„Ég stjórnaði bálkrananum, sem notaður var við að hífa upp

byggingarkranann. Eigandi bílkransans er Þengill, Sogavegi 74. Það stóð til að fara að hífa upp bómu byggingarkransans. Áður var búið að hífa upp bómuna og færa hana til, þannig að hægt væri að setja hana í litla krókinn, sem er í framlengingararmi bílkransans (jib). Áður en bóman var færð til, þá stóð hún á timburundirstöðum, sem voru undir breiðari endanum, og vírkefli úr timbri, sem var undir miðjunni. Undirstöðurnar undir breiðari endanum áttu að varna því, að bóman ylti, en hún er þríhyrnd að lögun nema breiðari endinn, sem festist í turnstykk-ið. Búið var að taka stóra krókinn úr stroffunum og hengja minni krókinn í. Síðan festi ég stóra krókinn í kranann, á meðan þeir Eiríkur og Erik voru að færa stroffuna til á bómunni, til að átakið kæmi rétt á hana, þegar híft væri. Um það bil sem ég ætlaði að fara að hífa í litla krókinn, valt bóman skyndilega. Ekki varð ég var við, að neitt kæmi við bómuna, og alveg er útilokað, að kraninn, sem ég stjórnaði, hefði þar nokkur áhrif á. Þegar ég sá, að bóman fór að hreyfast, þá var ég enn með stóra krókinn í hífingunni, en ætlaði að skipta um og hífa í með litla króknum, en hafði ekki tíma til þess. Ég sá, að mennirnir dattu niður, en ekki, hvernig þeir komu niður, því bóman skyggði á milli. Ég hraðaði mér strax til mannanna, og sat þá Eiríkur hálf uppréttur, en Erik virtist ómeiddur. Ég reyndi að hagræða Eiríki eins og ég gat á meðan beðið var eftir sjúkrabifreið. Nokkur misbrestur er á, að menn séu með hjálma á slíkum vinnustöðum, sem annars verður að telja mjög nauðsynlegt. Ég held, að nokkrir af þeim mönnum, sem þarna voru að vinna, hafi verið með hjálma, en aðrir ekki, og þar á meðal var Eiríkur.“

Hér fyrir dómi hinn 6. febrúar 1976 og 18. mars 1976 hefur vitnið Björn Reynir Alfreðsson skýrt svo frá:

„Stóri krókurinn á bílkrananum er í bómuhaus bílkransans, en litli krókurinn er í enda á bómuframlengingu bílkransans. Aðalbóma bílkransans er 120 fet á lengd, en framlengingin 30 fet og heildarlengd þá 150 fet. Þegar þverbóman var færð til, var það gert á þann hátt, að stóri krókur bílkransans var notaður, og var þverbóman þá beint niður undan bómuhausnum.“ Því næst hífði vitnið í vírinn, sem stóri krókurinn var tengdur við, og var vírinn þá lóðréttur. Þegar vitnið hafði rétt lyft þverbómunni upp, þá kom fram, að þverbóman var ekki í jafnvægi, og lyftist hún upp í annan endann, breiðari endann, þegar híft var í. Vitnið segir, að verkstjóri við verkið hafi verið Erik Mölskov Jensen og hafi hann gefið allar fyrirskipanir við framkvæmd

þess. Erik hafi einnig séð um að slá stroffunum um bómuna, sem stóri krókurinn var tengdur við. Vitnið færði því næst þverbómuna til með þeim hætti að láta aðalbómu bílkranans síga fram, og var þá haft í huga, að bóman færðist það langt fram, að hægt væri að tengja hana við litla krókin á þann hátt, að hægt væri að hífa þverbómuna lóðrétt í honum. Nauðsynlegt var að nota litla krókin, þar sem aðalbóman náði ekki upp í þá hæð, sem þurfti að lyfta þverbómunni. Vitnið segir, að hinn danski verkstjóri hafi sjálfur sagt til um gerð þeirra vírstroffna, sem slegið var utan um þverbómuna. Þegar þverbómunni var lyft upp í turnkranann seinna, reyndist hæð bómu bílkranans nægjanlega rifleg með því að nota litla krókin í framlengingunni. Vitnið slakaði þverbómunni alveg niður og losaði stóra krókin úr stroffunum. Þegar vitnið slakaði þverbómunni niður, hafði einhver af þeim, sem voru viðstaddir, sett tómt vírakefli undir þverbómuna nálægt miðju, en þegar bóman lagðist á þverkeflið, brotnaði keflið undan þunga þverbómunnar. Vitnið slakaði ekki alveg niður, þegar keflið brotnaði, og hífði vitnið í aftur skv. skipun Eriks Mölskov. Var þá sett annað vírkefli, sem var fullt af vír, undir þverbómuna framar, eins og sést á myndinni á dskj. nr. 15. Að því búnu slakaði vitnið niður. Hinn danski verkstjóri gaf allar fyrirskipanir til vitnisins með handahreyfingum, og tekur vitnið fram í því sambandi, að það hafi ekki heyrt til þeirra, sem úti voru, og því verið nauðsynlegt að gefa fyrirskipanir með handahreyfingum vegna hávaða frá vél bílkranans. Þegar vitnið hafði slakað í annað skiptið, reyndust undirstöður undir breiðari enda þverbómunnar svo óstöðugar, að hinn danski verkstjóri gaf vitninu fyrirskipun um að hífa aftur. Erik Mölskov hafði verið við framenda þverbómunnar í fyrstu, en er hér var komið, hafði hann fært sig að aftari endanum, þ. e. breiðari enda þverbómunnar, og kveðst vitnið ekki betur muna en Erik Mölskov hafi verið við enda þverbómunnar, þ. e. breiðari endann, þegar undirstöður undir hann voru nú réttar af með því að setja battinga til viðbótar þeim megin sem lægra var. Vitnið minnir, að Sigurður Þorvaldsson hafi fært battingana til, en Erik Mölskov hafi endanlega gengið frá þeim. Danski verkstjórinn gaf vitninu því næst skipun um að láta þverbómuna síga niður, og það gerði vitnið. Vitnið segir, að vegna þess hve þverbóman hallaði mikið við áðurgreindar hífingar, var ljóst, að færa þurfti stroffurnar til, áður en endanleg hífing upp í turnkranann færi fram. Til þess að hægt væri að færa stroffurnar til á þverbómunni, var nauð-

synlegt að slaka þeim áður alveg niður, en auk þess þurfti að losa stóra krókinn og setja þann litla á stroffurnar. Ekki var hægt að strekkja á stroffunum aftur, fyrr en búið var að færa þær á réttan stað. Þegar vitnið hafði slakað þverbómunni niður, fóru Eiríkur heitinn og Erik Mölskov upp á þverbómuna til þess að húkka stóra krókinn úr og til að færa báðar stroffurnar, sem voru nær breiðari endanum á þverbómunni, til þess að ná réttu jafnvægi á þverbómunni við fyrirhugaða lyftingu. Vitnið man ekki, hvor þeirra krækti stóra króknum úr, en vitnið var á meðan í stjórnsæti bílkranans. Þegar búið var að losa stóra krókinn úr stroffunum, lyfti vitnið bómu bílkranans þannig, að litli krókurinn á framlengingunni kom lóðrétt yfir stroffurnar. Vitnið lét síðan litla krókinn síga niður að stroffunum. Eiríkur heitinn og Erik Mölskov kræktu því næst litla króknum í stroffurnar, og höfðu þeir þá ekki enn fært stroffurnar, sem voru nær breiðari endanum á þverbómunni, til. Var því slakt á stroffunum, eins og mynd nr. 3 á dskj. nr. 15 sýnir. Vitnið steig nú út úr bílnum, fór að stóra króknum og festi stroffu í stóra krókinn, en stroffan var föst við kranann sjálfan, til þess að krókurinn slægist ekki til. Því næst fór vitnið aftur upp í stjórnsæti bílkranans og byrjaði að hífa stóra krókinn dálítið upp til þess að strekkja á honum og fá hann inn undir bómuna. Á meðan vitnið var að þessu, fengust þeir Eiríkur heitinn og Erik Mölskov við að færa áðurgreindar stroffur til. Vitnið var að hífa í stóra krókinn, þegar þverbóman féll á hliðina. Hafði vitnið þá augun á stóra króknum. Vitnið tekur nú fram, að í lögregluskýrslunni sé ónákvæmt orðalag. Þar standi: „Um það bil sem ég ætlaði að fara að hífa í litla krókinn.“ Þar ætti að standa: „Skömmu áður en ég ætlaði að fara að hífa í litla krókinn.“ Vitnið segir: „Ég man, að Eiríkur heitinn stóð mín megin á þverbómunni sjálfri við stroffuendana hægra megin, sbr. mynd nr. 3 á dskj. nr. 15. Erik Mölskov stóð fjær mér, og ég held, að hann hafi einnig staðið á sjálfri bómunni, en ekki á göngugrindinni, sem er á bómunni. Bóman valt í áttina frá mér, og Eiríkur heitinn og Erik Mölskov féllu þá einnig í áttina frá mér. Kranabíllinn stóð á þeim stað, sem mynd nr. 3 sýnir, þegar slysið varð. Þessi mynd sýnir litla krókinn greinilega og stóra krókinn óljóst í hægra horni ofan til. Ef vel er að gáð, sést einnig á þessari mynd stroffan, sem ég festi stóra krókinn í. Ég hef kynnt mér þann vélritaða texta, sem skráður er við mynd þessa. Ég tel, að þar sé rétt frá greint að öðru leyti en því, að vírarnir, sem mennirnir voru að hagræða, voru aðeins þeim meg-

in, sem hægri örin vísar á, en þeir ætluðu ekki að hreyfa neitt vírana, sem vinstri örin vísar á. Engar skorður eða stífur voru voru notaðar til þess að styðja þverbómuna. Vitninu virtist hinn danski verkstjóri vilja hraða uppsetningu kranans, og hafi staðið til, að því er vitninu skildist, að Daninn reyndi kranann á laugardeginum, daginn eftir. Þegar slysið varð, var skuggsýnt orðið. Nokkur lýsing var, en aldrei sé næg lýsing á svona stöðum. Vitnið heyrði um það, að veður færi versnandi og af því væri ástæða til að flýta uppsetningu kranans. Vitnið segir, að stroffurnar hafi verið festar þannig á þverbómuna, að á endum stroffnanna hafi verið vírlásar, sem lokuðu lykkjunum utan um þann hluta þverbómunnar, sem stroffunum var fest í. Hafi þannig verið hægt að færa stroffurnar til á þverbómunni án þess að hreyfa hinn enda stroffnanna, sem kræktar voru í litla krókinn. Vírlásinn var festur í lykkju á enda stroffunnar. Vitnið segir, að vírlásinn hafi verið notaður til þess að auðvelda þeim, sem síðar átti að losa stroffuna, þegar þverbóman væri komin upp. Vitnið segir, að þeir Eiríkur Steinþórsson og Erik Mölskov Jensen hafi verið búnir að færa stroffurnar til á þverbómunni, þ. e. stroffurnar tvær. Það hafi þeir gert, á meðan vitnið var að festa stóra krókinn í kranann. Vitnið segir aðspurt, að ekki hafi reynt á málakunnáttu vitnisins við það starf, sem vitnið vann í nefnt sinn, þar sem útilokað hafi verið, að vitnið heyrði til þeirra, sem niðri voru, enda kveðst vitnið hafa framkvæmt allar aðgerðir skv. bendingum.“

Vitnið Páll Friðriksson byggingameistari hefur hér fyrir dómi 4. mars 1976 skýrt svo frá:

„Vitnið kveðst vera hluthafi í Breiðholti h/f og kveðst hafa þann starfa að vera byggingarstjóri við ýmsar byggingar, sem Breiðholt h/f byggir. Vitnið var byggingarstjóri við húsið Kríuhólar 4 á þeim tíma, sem slysið varð. Vitnið segir, að Eiríkur heitininn Steinþórsson, sem var vélvirki að mennt, hafi haft þann starfa hjá Breiðholti h/f að sjá um eftirlit og viðgerðir á hinum ýmsu vélum og tækjum fyrirtækisins. Við uppsetningu byggingarkranans að Kríuhólum 4 hafi Eiríkur heitininn verið einn af þremur aðstoðarmönnum hins danska manns, Eriks M. Jensen, við uppsetninguna, en fleiri hafi komið að verkinu. Hinir aðstoðarmenn hins danska manns hafi verið Tryggvi Þórhallsson, Sigurður Þorvaldsson og auk þess hafi Hilmar Már Olgeirsson tekið þátt í störfum við uppsetninguna. Vitnið kveðst ekki hafa verið á staðnum, þegar slysið varð, en minnir, að það hafi komið á staðinn um það bil tveimur eða þremur klukkutímum áður. Vitnið kveðst

hafa verið æðsti maður á byggingarstaðnum og eftirlitsmaður með öllu verki, sem þar var unnið, en við uppsetningu byggingarkranans þá stjórnaði Erik M. Jensen algjörlega uppsetningunni, en vitnið lagði honum til menn, við það verk. Vitnið segir, að Eiríkur heitinn hafi „frekast verið leiðandi“ fyrir íslenska hópn-um. Eiríkur heitinn hafi verið tækjastjóri hjá Breiðholti h/f, en hafði ekki fasta menn í þjónustu sinni sem slíkur. Hann hafi farið á milli byggingarstaða og litið eftir tækjum, sem aðrir stjórnðu, en voru í eigu Breiðholts. Á þessum tíma hafi Breiðholt h/f haft undir höndum 6 byggingarkrana að meðtöldum þeim, sem var verið að reisa, og auk þess einn bílkрана, en auk þess átti fyrir-tækið bíla og steypustöð. Hafi Eiríkur heitinn meðal annars haft eftirlit með og séð um viðgerðir á byggingarkrönunum ásamt öðrum tækjum. Ástæðan fyrir því, að Eiríkur heitinn vann við uppsetningu á þessum krana hafi meðal annars verið sú, að hann hafi átt að læra af hinum danska manni uppsetningu kranans, þannig að hann síðar meir gæti séð um uppsetningu kranans á eigin spýtur. Vitnið segir, að Eiríkur heitinn hafi verið tiltölulega nýr í starfinu. Hann hafi verið búinn að vinna um það bil ár við þetta hjá fyrirtækinu, en forveri hans í starfinu hafi gegnt því starfi, sem að ofan er lýst.“

Seljandi kranans (hegrans), sem var verið að setja upp, var Kröll A/S í Danmörku. Daginn eftir slysið sendi fyrirtæki þetta verkfræðinginn H. Ostenfeldt til Reykjavíkur til þess að kanna málið. Í málinu liggur frammi skýrsla verkfræðingsins, og er hún dagsett 19. nóvember 1973. Þar segir m. a. svo í íslenskri þýðingu:

„Búið var að setja upp undirvagn, mastur, sveiflun og afturbrú. Útliggjarinn, eða þverbóman, 31 metra langur, lá samsettur á jörðinni, tilbúinn til uppsetningar á hegran. Útliggjarinn var settur saman á svæði, þar sem vinnuaðstaða var ákjósanlegust. Með hreyfihegranum hafði hinum einstöku einingum útliggjarans verið komið fyrir við samsetninguna. Hreyfihegrinn var útbúinn með sterkum lyftikrók á aðalbómunni, en léttari krók á fly-jib.

Til að ná nægilegri lyftihæð með hreyfihegranum var nauðsynlegt að flytja útliggjarann um 4 metra frá hreyfihegranum, þar sem fly-jibkrókurinn gat ekki lyft útliggjaranum svo nálægt hreyfihegranum.

Útliggjarinn var fluttur til með aðalkróknum. Útliggjarinn var studdur hlöðnum fjöllum undir festingarbjálkanum á innsta hluta útliggjarans. Hæð hleðslu var um 15 cm.

Á teini hlaupakattarins, um það bil undir þeim stað á útliggjaranum þar sem augun til að festa stögin í eru, var komið fyrir fullu stálvírskefli, en á það höfðu verið lögð nokkur viðarborð. Undirhleðslan var hér alls um 60 cm. Þessi undirhleðsla var nauðsynleg, til þess að hlaupakötturinn, sem komið var fyrir á útliggjaranum, væri laus við jörðu.

Á meðan verið var að flytja útliggjarann til, hafði EMJ stýrt útliggjaranum inn við innstu undirhleðsluna, og aðstoðarvélvirkjar höfðu komið fyrir tómu stálvírskefli til stuðnings undir tein hlaupakattarins. Þessari undirstöðu var hafnað og í staðinn notað hið fyllta stálvírskefli. Þetta tóma kefli var ekki fjarlæggt, og þegar verið var að slaka á taugunum, sem héldu útliggjaranum, þrýstist það saman. Bæði þessi umgetnu kefli sjást á mynd nr. 2. Hlaupakattarteinninn á útliggjaranum lá kyrr á fyllta vírkeflinu eftir veltuna.

Undirhleðslan undir innsta hluta útliggjarans sést á mynd 3.

Ætlunin var að koma útliggjaranum fyrir á hegranum, strax eftir að búíð var að flytja útliggjarann, og fly-jib króknum var því tafarlaust komið fyrir í lykkjunum, sem átti að lyfta honum með. Lykkjufestingin og fly-jib krókurinn sjást á mynd nr. 1. Að öllu eðlilegu hefði tafarlaust verið hert á lykkjunum, en þetta varð ekki strax — kennske vegna málaerfiðleika. — EMJ er mæltur á dönsku, þýzku og ensku. ES kunni svolítið í ensku, rafvirkjaverkstjóri (skírnarnafn Tryggvi) talar lýtalausla ensku, og stjórnandi hegrans talaði aðeins íslensku. Stjórnandi hreyfihegrans fór úr stjórnklefa hans til þess að draga tóma aðalkrókinn inn að bómunni. Þetta er frávik frá gildandi venju í Danmörku, þar sem stjórnandi hegrans herðir strax að lykkjunum og dregur síðan tóma aðalkrókinn upp, þannig að hann þurfi ekki að víkja úr stjórnklefanum. Við þetta næst ætíð betri og öruggari stjórn á hlassinu. Tómi aðalkrókurinn sést (ógreinilega) í hægra, efra horni á mynd nr. 1.

Vélvirkjarnir Eiríkur Steinþórsson og Erik Mölskov Jensen voru uppi á og — að nokkru leyti — inni í útleggjaranum til þess að bíða þess, að stjórnandi hreyfihegrans herti að. Dvölin á útliggjaranum var nauðsynleg til að tryggja, að lykkjurnar „fisk-uðu“ ekki, á meðan verið var að herða að.

Á meðan stjórnandi hegrans var utan stjórnklefans, fór útliggjarinn að renna til, að líkindum á hinni 15 cm háu undirhleðslu undir innsta hluta útliggjarans. Undirhleðslan hefir vegna veðurlags verið nokkuð hál.

Þar sem lykkjurnar voru mjög slakar, gat útliggjarinn oltið alveg á hliðina, án þess að hertist á lykkjunum. Sjá mynd nr. 1.

EMJ veit ekki, hvort hann, á meðan á veltunni stóð, stökk af útliggjaranum eða útliggjarinn varpaði honum af sér. ES stökk eða var varpað niður, þannig að þessir 2 vélvirkjar duttu með um 1 meters fjarlægð hvor frá öðrum. EMJ var alveg óskaddaður, en sá, að það blæddi úr sári á enni ES, og kallaði tafarlaust til hinna aðstoðarmannanna að útvega sjúkrabifreið.

Vélvirkjarnir höfðu báðir dottið á svæði, sem þakið var beittum hraunhnúllungum. Báðir vélvirkjar stóðu á handlistanum á útliggjaranum, þ. e. a. s. í um 160 sm hæð yfir jörðu.

Hvorugur vélvirkjanna var með hjálm. Álíta verður, að notkun hjálma hefði dregið talsvert úr áhættunni á meiðslum eins og í þessu tilfelli. Útliggjarinn lenti ekki á ES.

Endanleg uppsetning hegrans.

Uppsetningu hegrans var haldið áfram 12. og 13. nóvember undir stjórn EMJ. Burðarraun hegrans var framkvæmd 14.11. 1973.“

Öryggiseftirlit ríkisins hefur skilað álitsgerð, sem dagsett er 27. nóvember 1973. Þar segir m. a.:

„Umsögn eftirlitsmanns: Flöturinn á bómundanum, sem boltast ofan á mastrið, er um 90 cm á lengd og er þvert við lengd bómunnar, sem er um 30 m á lengd. Bóman er þristrend um 1,50 til 1,70 m á kant.

Þegar tveir menn eru komnir upp á bómuna, verður yfirvigtin það mikil, að bóman veltur.

Aðalorsök slyssins tel ég vera þá, að bóman er ekki skorðuð nægjanlega vel til beggja hliða. Einnig hefði mátt ætla, að öryggishjálmur hefði getað bjargað.“

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að umrætt slys hafi orðið með þeim hætti, að stefndi beri fébótaábyrgð á því og afleiðingum þess. Eiríkur heitinn Steinþórsson hafi verið í vinnu hjá stefnda og aðrir, sem við verkið unnu, hafi verið í þjónustu stefnda við byggingarframkvæmdir stefnda á staðnum. Yfirstjórn allra framkvæmda á vinnustaðnum hafi byggingastjórninn, Páll Friðriksson byggingameistari, haft með höndum, en hinn danski

verkstjóri, Erik Mölskov Jensen, hafi átt að stjórna uppsetningu byggingarkranans, enda hafi sérstaklega verið beðið um tækni-fróðan mann til þeirra hluta, en hann hafi ekki aðeins átt að stjórna því verki, heldur hafi hann gagnert átt að kenna Eiríki heitnum uppsetningu kranans. Stefndi hafi útvegað Erik Mölskov til að stjórna verkinu og beri alla ábyrgð á verkstjórn hans, hvernig sem launagreiðslum til hans hafi verið háttað. Stórkostleg mistök og yfirsjónir hafi átt sér stað við verkstjórnina. Verkinu hafi verið hraðað of mikið og unnið við ónóga lýsingu, sem út af fyrir sig hafi verið stórhættulegt við svo vandasamt verk, sem um var að ræða. Aðalorsök slyssins sé þó auðvitað þau mistök að skorða ekki bómuna nægjanlega til beggja hliða eða ganga nægjanlega traustlega frá undirstöðum hennar með þeim afleiðingum, að hún hafi oltið, á meðan sjálfur verkstjórinn, Erik Mölskov, ásamt Eiríki heitnum voru að athafna sig uppi á bómunni. Þá hafi hinn danski verkstjóri hvorki haft hjálm á höfði sjálfur né gert kröfu til þess, að Eiríkur heitinn, sem átti að læra uppsetningu kranans, hefði slíkan öryggisbúnað. Hafi hinn danski verkstjóri því ekki aðeins sýnt slæmt fordæmi, heldur orðið á mistök um öryggisráðstafanir á vinnustaðnum. Einnig kunni tungumálaerfiðleikar og fleiri samverkandi ástæður að hafa komið til. Við þessar aðstæður hafi beinlínis verið háskalegt af hinum danska verkstjóra að fara með Eiríki heitnum upp á bómuna og athafna sig þar á sama tíma sem stjórnandi bílkrans hafi yfirgefið stjórnsæti bílkrans og á meðan haft slakt á böndunum, sem hifa átti bómuna upp með. Í reynd hafi hér verið um að ræða vald hrófatildur, sem háskasamlegt hafi verið að príla upp á, enda hafi afleiðingarnar ekki á sér staðið, þar sem bóman hafi oltið svo snögglega, að engum vörnum hafi orðið við komið. Samkvæmt almennum reglum íslensks réttar um ábyrgð atvinnurekenda á verkum starfsmanna sinna, sem orsakast af ógætni, hirðuleysi og/eða gáleysi, sbr. til hliðsjónar regluna í 8. gr. siglingalaganna, beri stefndi því óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda. Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að til nokkurrar sakarskiptingar eigi að koma, enda verði ekkert að störfum Eiríks heitins fundið. Því er sérstaklega mótmælt, að kostnaður við uppsetningu byggingarkranans hafi verið innifalinn í söluverði hans svo og að seljandi kranans hafi greitt laun hins danska verkstjóra, enda hafi stefndi sérstaklega óskað eftir aðstoð við uppsetningu kranans, sbr. bréf stefnda frá 18. október 1973 á dómsskjali nr. 23, beri með sér.

IV.

Lögmaður stefnda og réttargæslustefnda hefur í greinargerð m. a. tekið fram:

„Aðdragandi málsins er í aðalatriðum sá, að Breiðholt h/f tók að sér byggingu á stórhýsi að Kríuhólum 4 í Reykjavík. Breiðholt h/f hafði ráðist í kaup á stórvirkum byggingakrana frá Danmörku. Seljandi byggingakranans var fyrirtækið F. B. Kröll A/S í Rødovre. Kostnaður við uppsetningu kranans var innifalinn í kaupverði hans. Fyrirtækið F. B. Kröll A/S sendi hingað starfsmann, Erik Mölskov Jensen, í þeim tilgangi að setja kranann saman, og honum til aðstoðar lánaði Breiðholt h/f nokkra starfsmenn sína, en einn þeirra var Eiríkur Steinþórsson, hinn látni í málinu. — Starfsmennirnir lutu í einu og öllu verkstjórn Eriks Jensen, sem stjórnaði framkvæmd verksins, enda sérfræðingur í samsetningu slíkra krana, eins og fyrr segir. Íslendingarnir höfðu unnið í vikutíma við samsetningu kranans, þegar slysið varð. Aðdraganda slyssins er lýst á skýrslu frá Almennum Tryggingum, sem lögð er fram sem dskj. nr. 9 í máli þessu og óskast skoðuð sem hluti af greinargerð þessari til að komast hjá endurtekn-ingum. Aðalatriðið er það, að uppsetning kranans er innifalin í kaupverði hans, og fyrr en henni er lokið hefur F. B. Kröll A/S ekki uppfyllt skyldur sínar sem seljandi gagnvart Breiðholti h/f. Breiðholt h/f réð þannig engu um aðferðir við uppsetningu kranans, og Erik Mölskov Jensen, sem stjórnaði framkvæmd þessa starfs, var starfsmaður F. B. Kröll A/S og fékk greidd laun frá því fyrirtæki og jafnvel þótt Breiðholt h/f hafi lagt þessum verkstjóra til aðstoðarmenn og væntanlega séð um kaupgreiðslu til þeirra, þá er það gert fyrir reikning F. B. Kröll A/S, sem endurgreiðir Breiðholti h/f allan kostnað við uppsetninguna. Breiðholt h/f er þannig engu ráðandi um framkvæmd verksins og ekki hægt að leggja því fyrirtæki neitt til sakar um framvindu mála. F. B. Kröll A/S hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá dönsku félagi, eins og nánar er rakið í skýrslu Almennra Trygginga h/f á dskj. nr. 9, og er nú beðið eftir undirtektum þess félags við bótakröfum vegna slyss þessa.“

Í greinargerð réttargæslustefnda á dómsskjali nr. 9 segir m. a.:

„Orsök slyssins má rekja til þess, að undirstöður þær, sem bóm-an hvíldi á, hafi skyndilega látið undan, en hvernig þeim var háttað, hafði Erik Mölskov Jensen ráðið og stjórnað framkvæmd á. Störf Eiríks Steinþórssonar uppi á bómunni í umrætt sinn voru einnig samkvæmt fyrirmælum Eriks Mölskov Jensen. Verður því

að líta svo á, að orsök slyssins megi eingöngu rekja til mistaka Eiríks (sic) Mölskov Jensen við framkvæmd og stjórnun verksins.

Varðandi skaðabótaábyrgð á slysi þessu og hvaða aðili beri hana er ljóst, að hún snýst um regluna um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna hans eða hina svokölluðu hús-bónðaábyrgð. Í máli þessu er því aðal ágreiningsefnið, hvort telja beri, að hið danska fyrirtæki, þ. e. F. B. Kröll a/s, beri skaðabótaábyrgð á slysi þessu vegna mistaka starfsmanns þess Eiríks Mölskov Jensen við framkvæmd starfsins eða hvort líta beri á Erik Mölskov Jensen sem starfsmann Breiðholts h/f og það því þess vegna skaðabótaskyld.

Almennar Tryggingar h/f hallast að fyrrnefndri niðurstöðu, enda var hinn danski maður hingað sendur af F. B. Kröll a/s, eins og fyrr hefur komið fram, launaður af því og uppsetning kranans innifalin í kaupverði hans og fyrr en henni var lokið hafði F. B. Kröll a/s ekki uppfyllt skyldur sínar sem seljandi við Breiðholt h/f, enda þótt ómótmælt sé, að Eiríkur Steinhórs-son hafi í raun verið starfsmaður þess, kom hvergi nærri uppsetningunni og réð engu um, hvernig hún færi fram, og ekki hægt að leggja því fyrirtæki neitt til sakar um, hvernig framvinda mála varð.

Komið hefur fram, að hinn látni bar ekki öryggishjál, þá er slysið varð, og má rekja hinar alvarlegu afleiðingar slyssins til skorts á þeim öryggisútbúnaði. Breiðholt h/f hefur lagt mönnum sínum til öryggishjálma og lagt á það áherzlu, að þeir væru notaðir, og stafar það eingöngu af vanrækslu starfsmanns sjálfs, að hann var ekki notaður í umrætt sinn.

Við athugun á máli þessu og þegar ljóst varð, hvaða afstöðu Almennar Tryggingar h/f tækju sem ábyrgðartryggjandi Breiðholts h/f, snéri það sér til lögmanns Breiðholts h/f, Hafsteins Baldvinssonar hrl., og fór þess á leit við hann, að hann ritaði F. B. Kröll a/s og kynnti því framkomnar kröfur til bóta og hvaða afstöðu fyrirtækið tæki til bótaskyldu sinnar. Þessi málsmeðferð þótti eðlileg, þar eð fyrirtækin voru samningsaðilar um kaup á krananum. Barst svar frá ábyrgðarváttryggjanda fyrirtækisins, Hafnia-Haand i Haand forsikring, þar sem bótaskyldu var hafnað, ekki vegna aðildarskorts, heldur því talið var, að sök á óhappinu lægi hjá kranastjóra, sem fenginn var ásamt krana að leigu til aðstoðar við uppsetninguna. Þar sem við töldum, að þessi afstaða byggðist að nokkru leyti á misskilningi hjá hinu danska váttryggingafélagi, þar sem það hafði þá ekki undir hönd-

um lögregluskýrslur um aðdraganda slyssins, voru því sendar þær ásamt bréfi, þar sem nánari skýringar komu fram, þar segir m. a.: „Í bréfi yðar teljið þér orsök slyssins, að kranastjóri sá, er vann við uppsetningu kranans, hafi ekki strekkt á vírunum eftir að stóri krókurinn hafði verið tekinn úr stroffunni og litli krókurinn festur í. Krani sá, sem notaður var til uppsetningar kranans, var leigður af Breiðholti h/f sérstaklega til þessa verks. Kranastjórinn sem og aðrir starfsmenn við uppsetninguna högðu verki sínu eingöngu eftir fyrirmælum Eriks Mölskov Jensen, sem stjórnaði verki þeirra. Það, að ekki var strax strekkt á vírunum, eftir að litli krókurinn hafði verið festur í stroffurnar, stafar af því, að Jensen og Eiríkur Steinþórsson unnu við að færa til og hagræða stroffunum á bómunni, þegar hún skyndilega valt og engin fyrirmæli höfðu borist kranastjóranum um að strekkja, enda óhægt um vik vegna starfs mannanna uppi á bómunni við að lagfæra stroffurnar, til að átakið kæmi jafnt á hana.““

Við hinn munnlega málflutning var varakrafa stefnda studd þeim rökum, að Eiríkur heitinn Steinþórsson hafi verið vélvirki að mennt með allmikla starfsreynslu og hann hafi verið næst æðsti maðurinn í vinnuflokknum og því leiðandi í starfi af Íslendingunum. Hann hafi því sjálfur mátt gera sér grein fyrir því, að rétt væri að hafa öryggishjál, og verði því að líta svo á, að hann hafi sjálfur átt nokkra sök á hinu hörmulega slysi. Með hliðsjón af þessu og málavöxtum að öðru leyti beri því, ef sýknukrafa í málinu verði ekki tekin til greina, að skipta sök.

V.

Breiðholt h/f, stefndi í málinu, kostaði byggingarframkvæmdir þær, sem fram fóru að Kríuhólum 4 og um getur í málinu. Yfirmun sjón með verkinu á staðnum hafði byggingarstjórinn, Páll Friðriksson húsasmíðameistari. Stefndi keypti stóran byggingarkrana og átti að byrja að nota hann við byggingu hússins að Kríuhólum 4. Stefndi samþykkti, að hinn danski tæknimaður, Erik Mölskov Jensen, skyldi sjá um uppsetningu byggingarkranans og stjórna því verki. Jafnframt var ráð fyrir því gert, að Eiríkur heitinn Steinþórsson skyldi vera honum til aðstoðar og kynna sér einnig uppsetningu byggingarkranans, svo að hann gæti sjálfur síðar séð um slíkt verk. Stefndi réð einnig til verksins bílkrana ásamt kranastjóra, sem honum fylgdi, en bílkraninn átti að lyfta bómu byggingarkranans upp í turn byggingar-

kranans. Þá lagði stefndi einnig til aðra aðstoðarmenn við uppsetningu byggingarkranans og allt efni.

Af gögnum málsins er ljóst, að undirstöður þær, sem settar voru undir bómuna, voru svo ótraustar, að bóman féll á hliðina, á meðan hinn danski verkstjóri og Eiríkur heitinn voru uppi á henni. Engar skorður voru til staðar til að styðja við bómuna, og svo slakt var á böndunum, sem krækt var í minni krók bíl-kranans, að bóman gat oltið til. Telja verður, að hinn danski verkstjóri, sem stjórnaði verkinu, hafi átt að gæta þess, að svo væri um bómuna búið, á meðan hann og Eiríkur heitinn voru að at-hafna sig uppi á bómunni, að hún ylti ekki um. Þetta vanrækti hann. Verður því að líta svo á, að stefndi beri óskipta fébóta-ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, enda þykir engu máli skipta, hvort stefndi eða Kröll A/S greiddi hinum danska verkstjóra kaup fyrir vinnu hans við uppsetningu byggingarkranans. Eiríkur heitinn var ekki með öryggishjálmi á höfði. Eins og á stendur þykir ekki eiga að koma til sakarskiptingar af þeirri ástæðu. Í fyrsta lagi var hinn danski verkstjóri sjálfur ekki með öryggis-hjálmi. Í öðru lagi er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til þess, að hann hafi lagt til, að Eiríkur heitinn notaði slíkan hjálmi. Að lokum er eigi sýnt fram á, að afleiðingar slyssins hefðu orðið aðrar eða minni en raun varð á, þó að Eiríkur hefði haft öryggis-hjálmi á höfði og borið hann svo sem tíðkanlegt er.

VI.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

A. Krafa Hrefnu B. Loftsdóttur persónulega:

1. Bætur fyrir missi framfæranda kr. 6.989.051
÷ áætlað verðmæti eigin tekna — 2.106.154

Kr. 4.882.897

2. Bætur fyrir röskun á stöðu og hög-
um kr. 500.000 kr. 5.382.897

B. Krafa Elínar Þórunnar:

1. Bætur fyrir missi framfæranda kr. 567.000
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og hög-
um — 300.000 kr. 867.000

C. Krafa Elfu Bjarkar:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr. 703.849
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og hög- um	— 300.000 kr. 1.003.849
	Samtals kr. 7.253.746

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur hinn 8. ágúst 1974 reiknað út tjón stefnanda fyrir missi framfæranda. Í álitsgerð tryggingafræðingsins segir m. a.:

„Eiríkur Steinþórsson var sagður fæddur 12. júlí 1947 og var samkvæmt því 26 ára gamall, er hann lézt. Eftirlifandi eiginkona er sögð fædd 11. febrúar 1947 og hefur því einnig verið 26 ára, er slysið varð. Samkvæmt upplýsingum yðar áttu þau hjón þá eitt barn, en nú eru börn þeirra tvö, þ. e.

Elín Þórunn, f. 15/12 1967, og
meybarn, f. 26/6 1974.

A. Bætur til barna.

Venja er að miða útreikning á bótum til barna við barnalífeyri almannatrygginga, reiknast mér verðmæti þeirra bóta á slysdegi nema:

Vegna Elínar Þórunnar kr. 567.207.00
Vegna barns, f. 26/6 1974 kr. 703.849.00

B. Bætur til ekkju.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Eiríks fyrir starfsárin 1970—1972 og óstaðfestu afriti af skattframtali ekkju hans fyrir starfsárið 1973 voru vinnutekjur hans þessi fjögur ár sem hér segir:

Árið 1970 kr. 323.472.00
— 1971 — 596.915.00
— 1972 — 461.670.00
— 1973 — 783.731.00

Af ofangreindum tekjum hef ég tekið framfærslueyri til handa dætrunum til 17 ára aldurs hvorrar um sig, jafnháan barnalífeyri almannatrygginga, en reiknað ekkjunni helming þeirra tekna, sem þá standa eftir. Verðmæti slíks framfærslueyris ekkjunnar

miðað við aldur hennar og starfsorkulíkur manns á aldri Eiríks, reiknast mér nema á slysdegi kr. 6.989.051.00.

C. Bætur almannatrygginga.

Hrefna á rétt á slysabótum frá almannatryggingum í 8 ár eftir slysið,

Enn fremur á ekkjan sem einstæð móðir rétt á mæðralaunum til 16 ára aldurs dætranna,

Verðmæti ofangreindra bóta almannatrygginga reiknast mér nema á slysdegi:

Verðmæti 8 ára bóta kr. 1.111.184.00

Verðmæti mæðrالاuna kr. 497.066.00

Auk þeirra bóta til ekkjunnar, sem hér hafa verið nefndar, greiða almannatryggingar barnalífeyri til 17 ára aldurs dætranna tveggja.

D. Vinnutekjur ekkjunnar.

Samkvæmt áðurnefndum skattframtölum fyrir starfsárin 1970—1973 hafa tekjur Hrefnu af vinnu utan heimilis þau ár verið sem hér segir:

Árið 1970 kr. 96.220.80

— 1971 — 105.664.00

— 1972 — 199.349.00

— 1973 — 266.684.00

Sé gert ráð fyrir, að helmingur þeirra tekna, sem hér um ræðir, eigi að koma til frádráttar reiknuðum framfærslueyri samkvæmt B-lið hér að framan, reiknast mér verðmæti slíks frádráttar á slysdegi nema kr. 2.106.154.00.

Telja verður sennilegt, að aðstaða Hrefnu til tekjuöflunar með vinnu utan heimilis hafi breyst, er börnin urðu tvö.

Að lokum skal tekið fram, að við framangreinda útreikninga hefur ekki verið tekið tillit til réttinda í lífeyrissjóði, en trúlega er bæði um barna- og makalífeyrisrétt að ræða vegna fráfalls Eiríks.

Töflur þær, sem notaðar hafa verið við útreikninga, miðast við starfsorkulíkur samkvæmt sænskri reynslu, dánarlíkur samkvæmt íslenskri reynslu 1951—1960 og 7% ársvexti.“

Tryggingafræðingurinn hefur hinn 31. maí 1976 endurskoðað útreikning sinn frá 8. ágúst 1974. Þar hefur hann tekið tillit til

kaupbreytinga. Þá eru vextir að þessu sinni reiknaðir á tvo vegu, og er annars vegar miðað við 9% ársvexti til frambúðar, en hins vegar við 9% ársvexti frá slysdegi til 15. júlí 1974 og síðan reiknað með 13% ársvöxtum til frambúðar. Er átt við síðarnefnda vaxtagrundvöllinn, þegar nefndir eru 13% ársvextir hér á eftir. Þá hefur hann tekið tillit til hækkana á bótum almannatrygginga. Niðurstöður samkvæmt þessum nýja útreikningi eru þessar:

Bætur til barna.	Ársvextir 9%	Ársvextir 13%
Vegna Elínar Þórunnar	kr. 734.887	kr. 633.010
Vegna Elfu Bjarkar	— 902.402	— 722.614

Bætur til ekkju.

Framfærslueyrir til handa ekkjunni, reiknaður eftir sömu aðferð og í fyrri útreikningi, reiknast á slysdegi: Miðað við 9% ársvexti kr. 8.704.019, en miðað við 13% ársvexti kr. 6.301.969.

Bætur almannatrygginga.	Ársvextir 9%	Ársvextir 13%
Verðmæti 8 ára slysabóta	kr. 1.459.561	kr. 1.306.311
Verðmæti mæðralauna	— 656.995	— 560.180

Vinnutekjur ekkjunnar.

Verðmæti hálfra árlegra vinnutekna reiknast nema á slysdegi kr. 2.833.747., þegar miðað er við 9% ársvexti, en kr. 2.075.348, þegar miðað er við 13% ársvexti.

Greiðslur úr lífeyrissjóði.

Um það segir tryggingafræðingurinn:

„Samkvæmt vottorði Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða, dags. 17/5 1976, nýtur Hrefna makalífeyris úr sjóðnum, kr. 121.819.00 á ári. Enn fremur njóta dætur hennar barnalífeyris, en samkvæmt reglugerð sjóðsins er greiddur hálfur barnalífeyrir almannatrygginga til 17 ára aldurs og síðan hálfur annar barnalífeyrir almannatrygginga um eins árs skeið. Um fjárhæð barnalífeyris almannatrygginga skírskotast til A-liðar hér að framan.

Verðmæti ofangreindra lífeyrissjóðsgreiðslna reiknast mér nema á slysdegi:

	Ársvextir 9%	Ársvextir 13%
Verðmæti makalífeyris	kr. 1.318.837.00	kr. 906.467.00
Verðmæti lífeyris Elínar Þ.	— 427.706.00	— 357.222.00
Verðmæti lífeyris Elfu Bjarkar	— 484.336.00	— 379.026.00

Stefndi hefur mótmælt einstökum kröfuliðum sem allt of háum.

Um A. Bætur til ekkju.

Þegar ákveðið er tjón Hrefnu, koma ekkjubætur og mæðra-laun frá Tryggingastofnun ríkisins til frádráttar. Einnig verður litið til þess, að Hrefna nýtur lífeyris úr Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða. Þegar gætt er þessara atriða og annars þess, sem hér skiptir máli, þykja bætur til handa Hrefnu fyrir missi framfæranda hæfilega ákveðnar kr. 3.250.000, og er þá einnig tekið tillit til verðmætis eigin tekna hennar. Bætur henni til handa fyrir röskun á stöðu og högum þykja hæfilega ákveðnar kr. 400.000. Frá þessum fjárhæðum ber að draga kr. 500.000, sem eru bætur samkvæmt atvinnuslysatryggingu, sem stefndi tók, en fjárhæð þessa hefur Hrefna mótttekið.

Um B og C. Bætur til barna.

Tjón hinna ófjárráða dætra stefnanda fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum þykir hæfilega ákveðið kr. 630.000 til Elínar Þórunnar og kr. 720.000 til Elfu Bjarkar.

Stefnda ber að greiða stefnanda hinar tildæmdu fjárhæðir með vöxtum, eins og krafist hefur verið, enda hefur þeim ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 475.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Andrési Andréssyni og Guðmundi Björnsyni vélaverkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, Breiðholt h/f, greiði stefnanda, Hrefnu B. Loftsdóttur, sjálfri kr. 3.150.000, f. h. Elínar Þórunnar Eiríksdóttur kr. 630.000 og f. h. Elfu Bjarkar Eiríksdóttur kr. 720.000 ásamt 12% ársvöxtum frá 9. nóvember 1973 til greiðsludags og kr. 475.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbertingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.